

MÍT

VÖRÐUPRÓF II

Fiðla

Uppbygging Vörðuprófs II við MÍT miðast við uppbyggingu framhaldsprófs.

Á Vörðuprófi II í fiðluleik skal nemandi leika þrjú verk, eina æfingu og útdrætti úr hljómsveitarverkum. Aðrir prófþættir eru tónstigar og brotnir hljómar, val og óundirbúinn nótnalestur, auk þess sem gefið er fyrir heildarsvip prófsins.

Verkefni á Vörðuprófi II skulu almennt miðast við léttari verk úr verkefnalista fyrir framhaldspróf.

Prófþættir

1. Þrjú ólík verk (12 einingar hvert)
2. Æfing (12 einingar)
3. Útdrættir úr hljómsveitarverkum (12 einingar)
4. Tónstigar og hljómar (15 einingar) í samræmi við lýsingu á tæknilegum kröfum í Vörðuprófi II
5. Val (10 einingar). Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:
 - a. Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur verk á prófinu
 - b. Leiki samleiksverk þar sem hann gegnir veigamiklu hlutverki.
6. Óundirbúinn nótnalestur (10 einingar).
7. Heildarsvipur (5 einingar)

Leikmáti og hraði í skólum og tvígripum

Nemandi sýni

- fjölbreytni í bogatækni
- fjölbreytni í hraðavali
- leiki hraðasta tónstigann eigi hægar en MM fjórðupartur=100 miðað við að leiknar séu sextándupartsnótur
- leiki tvígrip legato, þ.e. bindi tvær nótur